

Fjármála- og efnahagsráðuneyti
b.t. skrifstofu stjórnunar og umbóta
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. ágúst 2023

Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um högun í upplýsingatækni í rekstri ríkisins. Mál nr. 148/2023


Viðskiptaráð hefur tekið til umsagnar áform um frumvarp til laga um högun upplýsingatækni í rekstri ríkisins.

Samkvæmt áformaskjali um fyrirhugað frumvarp og frummati á áhrifum eru markmið með fyrirhugaðri lagasetningu einkum tvö. Annars vegar að lögfesta skýra ábyrgð á stefnumótun í upplýsingatæknimálum ríkisins og hins vegar að marka ramma um fyrirkomulag og tæknileg viðmið sem ríkisaðilar skuli styðjast við í rekstri upplýsingatækni. Með breyttu fyrirkomulagi sé unnt að skapa grundvöll fyrir skilvirkara og hagkvæmara skipulag í stjórnun og högun upplýsingatæknimála hjá ríkinu.

Fyrirhuguðu frumvarpi er einnig ætlað að auka samrekstur á sameiginlegum tækniinnviðum ríkisins til að ná fram auknu öryggi, skilvirkni og hagkvæmni í upplýsingatæknirekstri ríkisaðila, forgangsroðun fjárfestinga í upplýsingakerfum eða upplýsingatækni, auknum möguleikum til hag- og samnýtingar gagna milli ríkisaðila og aukinni nýsköpun.

Samkvæmt áformunum er ætlunin ekki að færa ábyrgð á öllum rekstri upplýsingatæknikerfa í hendur eins aðila né að öll kerfi ríkisins verði rekin með miðlægum hætti, heldur að leggja grunn að því að tilgreina sameiginlega innviði sem ríkisaðilar geti eða beri að nýta, eftir því sem við á.

Viðskiptaráð fagnar því að lagt sé upp með að skapa grundvöll fyrir skilvirkari og hagkvæmara skipulag í stjórnun og högun upplýsingatæknimála hjá ríkinu, en leggur áherslu á að frumvarpið komi ekki til með að fela í sér aukna innhýsingu verkefna hjá ríkinu. Eins er brýnt að ríkið gæti að þeim áhrifum sem innkaupastyrkur þess getur haft á markaðinn.

Virðingarfyllst,

María Guðjónsdóttir

Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands